

Mál 8a/2014

Ár 2014, mánudaginn 16. febrúar 2015, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ, Siðumúla 15, Reykjavík.  
Fyrir var tekið mál nr. 8a/2014

X

gegn

A og B

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 18. mars 2014 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (A og B) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para rakkann ZZ við tíkina XX án þess að rakkinn væri með gilda DNA niðurstöðu við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar og andsvara með bréfi dagsettu 23. apríl og þeim gefinn frestur til 21. maí. Kærðu nýttu sér ekki andmælafrestinn og var þeim send ítrekun með bréfi dagsettu 14. október þar sem þau fengu viðbótarfrest til 21. október, sem kærðu sinntu ekki heldur. Þar eð siðanefnd taldi útséð um að kærðu myndu nýta sér rétt sinn til andsvara þá var ákveðið að taka málið til úrskurðar byggt á þeim gögnum sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 23.09.2013 var rakkinn ZZ paraður við tíkina XX án þess að rakkinn hefði gildar DNA niðurstöður við pörun. Hundarnir eru af kyninu Poodle toy og er rakkinn í eigu kærðu. Kærðu hafa ekki nýtt sér andmælafrest sinn þrátt fyrir ítrekun né á neinn hátt reynt að halda uppi vörnum í málinu. Siðnefnd ákvað því að taka málið til úrskurðar sem byggt myndi á fyrirliggjandi gögnum frá skrifstofu HRFÍ.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Poodle toy:

“Ræktunardýr verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fái skráðir í ættbókHRFÍ. Óheimilt er að para saman tvo arfbera PRA. Heimilt er þó að para PRA arfbera svo framanlega sem hinn hundurinn er ekki arfberi PRA (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P).

(Gildir frá 01.01.2011).

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012)”.

Í málinu liggur ljóst fyrir að rakkinn var ekki með gildar DNA niðurstöður við pörun en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Poodle toy þurfa ræktunardýr að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA. DNA próf er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins til þess að tryggja sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan sjúkdóm. Rakkinn hefur nú verið DNA prófaður og til allra heilla staðist skoðun, en það breytir ekki brotinu að hafa staðist skoðun eftir á, það gátu kærðu ekki séð fyrir. Hafa kærðu því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærðu hafa ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ og telur siðanefnd hæfilega refsingu vera áminningu.

#### IV. Niðurstaða

Kærða A telst hafa gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærði B telst hafa gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærðu eru áminnt.

---

Anna María Flygenring

---

Hilmar Sigurgíslason

---

Kristín Sveinbjarnardóttir